

Atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytið

Reykjavík 10. maí 2021

Efni : Drög að reglugerð um gjald fyrir afhendingu gagna hjá ársreikningaskrá (mál nr. 108/2021)

Creditinfo Lánstraust hf. hefur kynnt sér drög ráðuneytisins að reglugerð um gjald fyrir afhendingu gagna hjá ársreikningaskrá.

Í drögum að reglugerðinni er kveðið á um gjald fyrir afhendingu gagna hjá ársreikningaskrá á pappír eða öðru sértæku formi.

Samkvæmt 2. gr. er gert ráð fyrir að innheimt verði stofngjald/tengigjald fyrir aðgang að gögnum úr ársreikningaskrá í lokuðu uppflattikerfi, vefþjónustu, vefgátt, eða sambærilegu formi, auk þess sem innheimt verður mánaðarlegt gjald fyrir þjónustuna. Samkvæmt greininni skal gera sérstakan samning við ársreikningaskrá vegna aðgangs að gögnum á framangreindu formi.

Creditinfo Lánstraust hf. hefur um árabíl miðlað gögnum frá ársreikningaskrá á grundvelli samnings við ársreikningaskrá Skattsins.

Félagið bendir á að nauðsynlegt sé að kveða skýrt á um það í reglugerðinni að þeir lögaðilar sem þegar hafa fengið aðgang að skránni, s.s. með vefþjónustutengingu, og greitt fyrir það gjald verði undanþegnir stofngjaldi/tengigjaldi skv. 2. gr. reglugerðarinnar. Markmið gjaldsins er væntanlega að standa straum af kostnaði við veitingu þjónustunnar, þ.e. þeirrar þjónustu sem felst í að tengjast umræddu viðmóti, hvort sem um er að ræða lokað uppflattikerfi, vefþjónustu eða vefgátt.

F.h. Creditinfo Lánstrausts hf.



Sigríður Laufey Jónsdóttir
lögfræðingur